

1509115

28.sept'15

Skipta út svörtu gúmmí úr gervigrasvöllum

Markmið: Skoða kostnað við að skipta út svokölluðu „dekkjakurli“ í gervigrasvöllum fyrir gúmmí sem er ekki endurunnið úr dekkjum.

Undirritaður hefur farið yfir kostnað við að skipta út svörtu gúmmí úr gervigrasvöllum í Sveitarfélaginu Árborg og setja nýtt endurunnið gúmmí sem ekki er unnið úr dekkjum.

Í Sveitarfélaginu Árborg er einn stór keppnisvöllur með gervigrasi og 4 sparkvellir.

Kostnaður við að skipta út gúmmí fyrir hvern völlum

- Gervigrasvöllur á Selfossvelli: 23 milljónir
- Þrír KSÍ sparkvellir (Eyrarbakki, Stokkseyri og Sunnulækur): 2,5 milljónir hver völlum
- Sparkvöllur við Vallaskóla: 3 milljónir

Samtals væri þetta um 33,5 milljónir að skipta út gúmmí en nota áfram það gervigras sem er á völlum.

Svo má horfa til þess að allir þessir vellir eru að detta á tíma hvað varðar endingu gervigrasins. Vallaskólavöllurinn er t.d. kominn að endurnýjun og hina þarf að skoða á næstu árum. Það gæti því verið skynsamlegt að setja upp áætlun um endurnýjun og þá skoða nýjar lausnir í gervigrasi en þróunin hefur verið mikil frá því síðast var sett gervigras hér.

Kostnaður við að skipta um gervigras í sparkvelli og nota nýtt kerfi er c.a. 4,5 milljónir hver sparkvöllum.

- Það samanstendur af 20mm foam lagi, 25mm gervigrasi sem er með silicasand fyllingu. Þessi fylling á vísit að halda sér betur í völlum og því minnka líka þríf í skólum og heima fyrir þegar dekkjakurlið hrynur af sokkum og úr skóm.

Kostnaður við að skipta um gervigras í löglegum keppnisvelli og nota grátt gúmmí sem er í lagi er c.a. 50 milljónir miðað við þá velli sem hafa verið lagðir núna.

Bragi Bjarnason
menningar- og frístundafulltrúi